

# MENNINGAR- OG SAFNANEFND

## FUNDUR - 9. mars 2005

Fundur haldinn í menningar- og safnanefnd miðvikudaginn 9. mars 2005 kl: 20:00 að Húnabraut 13. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Sigríður Helga boðaði forföll og varamaður gat ekki mætt. Formaður setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

Dagskrá:

1. Samstarfið við USAH.
2. Matur og menning 2005.
3. Hillebrandtshúsið.
4. Menningarviðburðir á Blönduósi sumarið 2005.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Mættur var á fundinn Arnþór Sigurðsson framkvæmdastjóri USAH. Samþykkt hefur verið að hann starfi með nefndinni og bjóðum við hann velkominn til þess samstarfs.
2. Ákveðið var að senda út bréf til fyrirtækja og félagasamtaka um þátttöku um að vera með sýningar- og sölubás í íþróttahúsinu, enda er það æskilegast að þar verði sem mest fjölbreytni. Menningar og safnanefnd hefur ákveðið að auglýsa eftir kynningarlagi fyrir sumarhátíðina. Textinn skal vísa til einhvers sem varðar Mat og menningu og Blönduós. Keppt verður til úrslita í Félagsheimilinu föstudaginn 15. júlí. Einnig verður hagarðingakvöld þá. Kvennaskólinn mun verða opinn þessa helgi og þar mun líka verða sett um sýning sem Aðalbjörg Ingvarsdóttir mun hafa umsjón með. Meiri opnun mun verða á Heimilisiðnaðarsafninu þessa helgi. Ungmennasambandið ætlar að standa fyrir almenningshlaupi þar sem verða í boði þrjár vegalengdir, nánar tímasett síðar. Lögð hafa verið fram drög að fjárhagsáætlun fyrir hátíðina og mun hún verða betur útfærð á næsta fundi.
3. Stefnt er að því að búið verði að opna hafíssafn og fleira í Hillebrandtshúsi fyrir hátíðina.
4. Haukur Suska Garðarsson er að vinna að því fyrir Blönduósbæ að gefa út viðburðadagatal fyrir sumarið 2005
5. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið.

Hlíf Sigurðardóttir  
Valdimar Guðmannsson

Arnþór Sigurðsson, starfsmaður